

bæjarráð: Boð um samstarf við Háskólann á Bifröst og þátttöku í OpenEU

Til : Arndís Dögg Jónsdóttir <arndisjo@isafjordur.is>
Frá : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Heiti : bæjarráð: Boð um samstarf við Háskólann á Bifröst og þátttöku í OpenEU
Málsnúmer : 2025040133
Málsaðili : Háskólinn á Bifröst ses.
Skráð dags : 11.04.2025 10:41:00
Höfundur : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Viðhengi : [bifrstpng_22422620-c521-4304-817f-41f27b661eca.png](#)
[bifrstpng_22422620-c521-4304-817f-41f27b661eca.png](#)

From: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
Sent: föstudagur, 11. apríl 2025 10:01
To: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Subject: FW: Boð um samstarf við Háskólann á Bifröst og þátttöku í OpenEU

[Þetta vil ég fá inni bæjarráð.](#)

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
Bæjarstjóri
Ísafjarðarbær
450 8000 - www.isafjordur.is

From: Margrét Jónsdóttir Njarðvík <rektor@bifrost.is>
Sent: föstudagur, 11. apríl 2025 09:39
To: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir <sigridurjulia@isafjordur.is>
Cc: Einar Hreinsson <einarh@bifrost.is>; Kasper Simo Kristensen <kasperk@bifrost.is>; Susanne Miriam Arthur <susanne@bifrost.is>
Subject: Boð um samstarf við Háskólann á Bifröst og þátttöku í OpenEU

Bæjarstjóri Ísafjarðar

Kæra Sigríður Júlía

Takk fyrir fundinn um daginn. Hér kemur formlegt erindi frá mér. Háskólinn á Bifröst hóf nýlega þátttöku í evrópska samstarfsnetinu OpenEU. Að samstarfinu standa átta af leiðandi opnum háskólum og fjarnámsháskólum Evrópu og er Háskólinn á Bifröst þar á meðal. Einnig eru þar tveir hefðbundnir háskólar í Austur Evrópu og fjöldi annarra stofnana og samtaka sem standa að samstarfinu.

Með stuðningi Evrópusambandsins hefur OpenEU það að markmiði að stuðla að þróun háskólamenntunar í Evrópu, með því að leggja áherslu á þátttöku, jöfnuð, fjarnám og símenntun. Háskólanetið spannar 368 þúsund nemendur, 24 þúsund kennara. Allir munu njóta góðs af samstarfi sem leggur höfuðáherslu á símenntun, sveigjanleika, jafnræði og atvinnuhæfni.

OpenEU hefur að markmiði að bæta aðgengi að háskólanámi fyrir minnihlutahópa, m.a. íbúa í dreifbýli. Einnig

verður lögð áhersla á bætt aðgengi innflytjenda að háskólamenntun, í samstarfi við Evrópusamtök LEADER. Markmiðið er meðal annars að þróa sameiginlega dreifbýlisáætlun sem miðar að því að bæta aðgengi að háskólanámi óháð búsetu.

Háskólinn á Bifröst hefur sérstakan áhuga á því að nýta þetta einstaka tækifæri sem felst í OpenEU- verkefninu til að þróa tækifæri til háskólanáms fyrir annars vegar íbúa dreifðari byggða en hins vegar þá sem ekki tala íslensku sem móðurmál. Í dag telur síðarnefndi hópurnir meira en 80 þúsund einstaklinga hér á landi sem margir hverjir falla einnig inn í fyrrnefnda hópinn, eru búsettir utan höfuðborgarsvæðisins.

Háskólinn á Bifröst hefur meðal annars tekið að sér að stýra þróun á kennsluefni sem mun nýtast áðurnefndum hópum í Evrópum með það að markmiði að auðvelda þessum einstaklingum aðgengi að fyrsta flokks háskólamenntun. Til þess að tryggja að verkefnið skili tilætluðum árangri verður að vinna það í samráði við hagsmunaaðila. Þar eru fremstir í flokki þeir sem búa fjarri höfuðborgarsvæðinu og hafa ekki íslensku sem móðurmál. Tæpitungulaust má segja að Háskólinn á Bifröst vilji færa tækifærin til menntunar heim í hérað og gefa áðurnefndum aðilum tækifæri til að sækja sér þá menntun sem þeir kjósa á jafnréttisgrundvelli, án búsetu eða tungumálhindrana.

Það er okkar skoðun að þessu verði best komið til leiðar með því að bjóða völdum sveitarfélögum á Íslandi til samstarfs við okkur og því leitum við til ykkar ásamt Vík, Borgarbyggð og Skagafirði. Við teljum að með nánu samstarfi við umrædd sveitarfélög og íbúa þeirra getum við skapað grundvöll fyrir öflugum framboði menntunar fyrir þjóðfélagshópa sem áður hafa borið skarðan hlut frá borði.

Það er skylda hvers lýðræðissamfélags að hlúa að öllum þegnum þess og það er skylda hvers háskóla að hafa áhrif á samfélagið til hins betra. OpenEU gefur okkur tækifæri til að þróa nám í samstarfi við fremstu fjarnámsháskóla Evrópu, sem með nútímatækni má færa inn á öll heimili óháð búsetu, bæta lífskjör og auka velmegun hvar sem er á Íslandi eða í Evrópum.

Með bestu kveðju,

Margrét Jónsdóttir Njarðvík
Rektor Háskólans á Bifröst.

bifrost.is

[Fyrirvari / Disclaimer](#)

Margrét Jónsdóttir Njarðvík

Rektor // Rector

Sími // Tel. 4333000

Tölvupóstur // E-mail. rektor@bifrost.is

bifrost.is

[Fyrirvari / Disclaimer](#)

Margrét Jónsdóttir Njarðvík

Rektor // Rector

Sími // Tel. 4333000

Tölvupóstur // E-mail. rektor@bifrost.is